

# STARFSLEYFI

Móttöku- og flokkunarstöð og urðunarstaður að Strönd

**Sorpstöð Rangárvallasýslu bs.**

Strönd, 851 Hellu  
Kt.: 600893-2469

## 1. ALMENN ÁKVÆÐI

### 1.1 Rekstraraðili

Starfsleyfi þetta gildir fyrir Sorpstöð Rangárvallasýslu bs., kt. 600893-2469, fyrir meðhöndlun úrgangs á urðunarstaðnum að Strönd [landnúmer L200488]<sup>1</sup>. Komi nýr aðili að rekstrinum getur hann sótt um að starfsleyfið verði fært yfir á sig án þess að gefið verði út nýtt starfsleyfi, [...]².

Sorpstöð Rangárvallasýslu bs. er hér eftir nefnd rekstraraðili.

Rekstraraðili getur falið verktaka að annast fyrir sig verk, enda hafi hann þá gengið úr skugga um að viðkomandi hafi öll tilskilin leyfi. Rekstraraðili ábyrgist þó áfram að ákvæðum starfsleyfis þessa sé fylgt.

Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu og haga starfsemi í samræmi við gildandi deiliskipulag.

[Verði gerð breyting á nafni rekstraraðila ber honum að tilkynna Umhverfisstofnun um slíka breytingu.]³

### 1.2 Umfang starfseminnar

Heimilt er að taka á móti allt að 6350 tonnum af úrgangi á ári, þar af eru 5200 tonn til meðhöndlunar á Strönd. Starfsemin skiptist í eftirfarandi þætti:

- I. Heimilt er að urða allt að 2500 tonn af óvirkum úrgangi á ári.  
Heimilt er að urða úrgang sem hefur verið meðhöndlaður og telst tækur á urðunarstaði fyrir óvirkan úrgang, sbr. tl. 2.1 í II. viðauka við reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs.  
Óheimilt er að urða fljótandi úrgang (þurrefnisinnihald undir 20%), hjólbarða, brotajárn, ökutæki, almennan úrgang eða spilliefni á urðunarstaðnum.
- II. Heimilt er að jarðgera 2200 tonn á ári. Verði heimild til urðunar lífræns úrgangs nýtt að fullu þá má aðeins jarðgera 1400 tonn.

<sup>1</sup> Breyting 2020.

<sup>2</sup> Breyting 2020, hér stóð áður: „sbr. 27. gr. reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun“.

<sup>3</sup> Breyting 2020.

- III. Heimilt er að urða 800 tonn af lífrænum úrgangi á ári. Verði heimild til jarðgerðar nýtt að fullu, fellur niður heimild til urðunar lífræns úrgangs.
- IV. Heimilt er að taka á móti 500 tonnum af rúlluplasti á ári og geyma til langtíma.
- V. Heimilt er að taka á móti allt að 100 tonnum af hjólbörðum, 1000 tonnum málmum og 50 tonnum af spilliefnum á ári sem send eru til meðhöndlunar annars staðar. Heimild til móttöku spilliefna einskorðast við spilliefni frá almenningi eða smærri fyrirtækjum, enda sé það í litlu magni, ekki sé um að ræða mjög hættuleg efni og engin meðhöndlun fari fram, önnur en söfnun og geymsla til skamms tíma.

Gerðar eru ítarlegri kröfur um mengunarvarnir við urðun á lífrænum úrgangi en við urðun á óvirkum úrgangi, sbr. gr. 3.2, 3.3, 3.4 og 5.2.

Almennur úrgangur af athafnasvæði Sorpstöðvarinnar er fluttur í vinnsluhús á rekstrarsvæði til umhleðslu áður en hann er fluttur til meðhöndlunar annars staðar.

Óheimilt er að geyma úrgang á urðunarstaðnum, nema þann sem tilgreindur hefur verið hér að ofan sem og ómengaðan jarðveg sem nýttur er til frágangs á urðunarstaðnum.

Móttaka geislavirks úrgangs og sprengiefna er bönnuð.

Brennsla úrgangs er bönnuð. [Eingöngu má urða aukaafurðir dýra að uppfylltum skilyrðum í a. lið í 1. gr. reglugerðar nr. 674/2017, sbr. reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009.]<sup>4</sup>

Magni úrgangs sem geymt er á athafnasvæði rekstraraðila skal haldið í lágmarki og skal það aldrei verða svo mikið að hætta skapist. Magn brennanlegs úrgangs á athafnasvæðinu skal ekki fara yfir 500 rúmmetra hverju sinni.

Verði um tímabundna geymslu úr sér genginna ökutækja, eða annars olúsmitaðs úrgangs, að ræða skal hann geymdur á malbikuðu eða steypu yfirborði með niðurfalli í lægsta punkti, sem tengt er við olúskilju.

### 1.3 Eftirlit

Eftirlitsaðili hefur eftirlit með starfsemi rekstraraðila í samræmi við 65. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs [og X. kafla reglugerðar nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit]<sup>5</sup>. Eftirlit felst m.a. í reglubundnum skoðunum á vettvangi, móttöku athugasemda, fyrirspruna og yfirferð gagna sem rekstraraðila ber að skila. Viðbótareftirlit getur farið fram m.a. vegna nýs búnaðar, kvartana eða sérstakra úttekta vegna áætlana sem rekstraraðili hefur gert um úrbætur.

[Tímabilið milli tveggja vettvangsheimsóknna við eftirlit skal byggt á grundvelli eftirlitsáætlana sbr. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018, þar með talið viðmiðunum um möguleg og raunveruleg áhrif á heilbrigði manna og umhverfið, skrá yfir hvernig starfsleyfisskilyrðum er fylgt og þátttöku í vottuðu umhverfisstjórnunarkerfi. Fyrirvaralaust eða annað óvenjubundið eftirlit skal fara fram til rannsóknar á alvarlegum ábendingum vegna umhverfisins, alvarlegum umhverfisslysum, óhöppum og tilvikum, þar sem reglum er ekki fylgt, eins fljótt og auðið er og eftir því sem við á, fyrir veitingu, endurskoðun eða uppfærslu leyfis. Eftir hverja vettvangsheimsókn skal eftirlitsaðili taka saman skýrslu með lýsingu á því sem fram kom og skiptir máli varðandi það hvort starfsemin sé í samræmi við starfsleyfisskilyrðin og niðurstöðum um hvort frekari

<sup>4</sup> Breyting 2020.

<sup>5</sup> Breyting 2020.

aðgerðir eru nauðsynlegar. Skýrslan skal gerð aðgengileg á vefsvæði eftirlitsaðila eftir að rekstraraðili hefur fengið tækifæri til að koma að athugasemdum og brugðist hefur verið við þeim. Athugasemdirnar skulu eftir atvikum birtar með skýrslunni.]<sup>6</sup>

#### 1.4 Breytingar á rekstri

Rekstraraðili skal veita útgefanda starfsleyfis upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á rekstri með góðum fyrirvara áður en ráðist verður í þær, sbr. [1. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 550/2018]<sup>7</sup>. Á grundvelli þeirra metur stofnunin hvort nauðsynlegt sé að gefa út nýtt starfsleyfi, sbr. 2. mgr. 18. gr. reglugerðarinnar.

#### 1.5 Stöðvun rekstrar

Verði rekstri hætt, tímabundið eða varanlega, eða reksturinn stöðvast óvænt skal gera ráðstafanir til þess að úrgangi, efnun, búnaði og rekstrarsvæði verði ráðstafað á viðurkenndan hátt. Tilkynna skal eftirlitsaðila með minnst mánaðarfyrirvara um stöðvun rekstrar og ráðstafanir þar að lútandi, þannig að taka megji út frágang.

#### 1.6 Starfsemi hafin að nýju

Tilkynna skal eftirlitsaðila um að reksturinn hafi verið hafinn á nýjan leik ef hann hefur legið niðri í meira en mánuð.

#### 1.7 Lokun urðunarstaðar

Um frágang urðunarstaðar, eftirlit og mælingar á mengunarefnum eftir að starfsemi urðunarstaðarins lýkur skal fara samkvæmt 23. og 24. gr. reglugerðar nr. 738/2003, undir yfirumsjón Umhverfisstofnunar. Frágangur skal vera í samræmi við deiliskipulag og leitast skal við að í endanlegri mynd falli svæðið sem best að landslagi. Grein 4.5 í starfsleyfi þessu skal uppfyllt eftir lokun. Áætlun um endanlegan frágang við lokun urðunarstaðarins skal liggja fyrir ekki seinna en tveimur árum áður en starfsemi lýkur.

#### 1.8 Endurskoðun starfsleyfis

Endurskoða skal starfsleyfið [reglulega, sbr. 15. gr. laga nr. 7/1998 og 14. gr. reglugerðar nr. 550/2018]<sup>8</sup>. Einnig er skylt að endurskoða starfsleyfið ef forsendur rekstrarins breytast með eftirfarandi hætti, [...]<sup>9</sup>:

- Ef rekstraraðili breytir rekstrinum með þeim hætti að tilkynningaskyld er sbr. gr. 1.4.
- Ef öryggi við rekstur krefst þess að önnur tækni sé notuð en upphaflega var miðað við í starfsleyfinu.
- Ef mengun af völdum rekstrarins er meiri en búast mátti við þegar starfsleyfið var gefið út eða ef vart verður mengunar sem ekki var gert ráð fyrir við útgáfu leyfisins.
- Ef breytingar verða á bestu [aðgengilegu]<sup>10</sup> tækni sem gera það kleift að draga umtalsvert úr losun mengunarefna. Ef breytingar verða á viðmiði um bestu [aðgengilegu]<sup>11</sup> tækni skal rekstraraðili senda útgefanda starfsleyfis, skv. beiðni útgefandans, tímasetta áætlun sem fjallar um með hvaða hætti hann hyggist taka upp hina nýju tækni en rökstyðji annars að honum sé það ekki mögulegt.

<sup>6</sup> Breyting 2020.

<sup>7</sup> Breyting 2020, hér stóð áður: „1. mgr. 18. gr. reglugerðar nr. 785/1999“.

<sup>8</sup> Breyting 2020, hér stóð áður: „að jafnaði á fjögurra ára fresti, sbr. 20. gr. reglugerðar nr. 785/1999“.

<sup>9</sup> Breyting 2020, hér stóð áður: „sbr. 21. gr. reglugerðar nr. 785/1999“.

<sup>10</sup> Breyting 2020, hér stóð áður: „fáanlegu“.

<sup>11</sup> Breyting 2020, hér stóð áður: „fáanlegu“.

- Ef breytingar verða á lögum eða reglum um mengunarvarnir eða annað sem snertir reksturinn. Rekstraraðila er þó ætíð skylt að fara að gildandi lögum og reglugerðum, sbr. gr. 1.1, jafnvel þótt starfsleyfi hafi ekki verið endurskoðað.

## 1.9 Upplýsingaréttur almennings

Almenningur á rétt á aðgengi að upplýsingum um starfsleyfi og starfsleyfisumsókn [og upplýsingum um mengunareftirlit í samræmi við 6. gr. og IV. viðauka reglugerðar nr. 550/2018]<sup>12</sup>. Umhverfisstofnun birtir niðurstöður samkvæmt gr. 1.3 og 1.10. Birtingin er á vefsíðu stofnunarinnar eða með öðrum aðgengilegum hætti. Að öðru leyti vísast til upplýsingastefnu stofnunarinnar.

## 1.10 Valdsvið[, viðurlög]<sup>13</sup> og þvingunarúrreði

Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða á starfssviði sínu eða fyrirmælum eftirlitsaðila um úrbætur getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum XII. kafla laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og [XVII.]<sup>14</sup> kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til að knýja fram úrbætur.

[Stofnuninni er m.a. heimilt að veita áminningu og hæfilegan frest til úrbóta, ákveða rekstraraðila dagsektir og stöðva starfsemi eða takmarka hana til bráðabirgða, sé um alvarlega hættu, alvarleg tilvik eða ítrekað brot að ræða eða ef ekki er sinnt úrbótum innan tiltekins frests.

Umhverfisstofnun getur lagt á stjórnvaldssektir sbr. 67. gr. laga nr. 7/1998.]<sup>15</sup>

## 1.11 Umhverfisábyrgð

Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi, sbr. ákvæði laga nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð, og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.

# 2. STARFSHÆTTIR

## 2.1 Umhverfi og takmörkun aðgangs

Rekstraraðili skal kappkosta að draga sem mest úr því álagi sem starfsemin veldur á umhverfið og skal hann setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim. Skulu umhverfismarkmiðin liggja fyrir eigi síðar en 1. ágúst 2016 og þau endurskoðuð á 4 ára fresti. Ef umhverfismarkmið eru hluti af umhverfisstjórnunarkerfi rekstraraðila er fullnægjandi að vísa til þeirra.

Fara skal þannig með allan úrgang við meðhöndlun að tryggt sé að hann valdi sem minnstum óþrifnaði eða ónæði, svo sem foki úrgangsefna, ryki, ólykt eða hávaða.

Úrgangi sem geymdur er skal komið fyrir með hentugu fyrirkomulagi og á skipulegan hátt. Ávallt skal vera hreinn aðskilnaður á milli brennanlegra úrgangsflokka til að lágmarka sambrunahættu, í samræmi við ábendingar og kröfur Brunavarna Rangárvallasýslu bs.

<sup>12</sup> Breyting 2020, hér stóð áður: „í samræmi við ákvæði í kafla XI í reglugerð nr. 785/1999 og upplýsingum um mengunarvarnaeftirlit í samræmi við kafla VI í reglugerð nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit“.

<sup>13</sup> Breyting 2020.

<sup>14</sup> Breyting 2020, hér stóð áður: „VI.“.

<sup>15</sup> Breyting 2020.

Rekstraraðili skal halda athafnasvæði sínu snyrtilegu. Aðgangur að athafnasvæðinu skal vera takmarkaður og svæðið afgirt með girðingu sem hindrar aðgang manna og skepna og hindrar ólöglega losun úrgangs. Hlið skulu lokuð og læst nema þegar starfsemi fer fram. Á urðunarstaðnum skal eftirlits- og aðgangskerfi einnig fela í sér aðgerðir sem miða að því að koma upp um og sporna gegn ólöglegri losun á staðnum. Gott viðhald og eftirlit skal vera með girðingu. Eftirlitsaðili getur krafist lagfæringa og viðgerða á lóð, girðingu eða öðrum mannvirkjum ef nauðsynlegt þykir til þrifnaðar eða ef ástand þeirra er til lýta fyrir umhverfið.

Verði vart við meindýr eða vargfugl skal séð til þess að þau hafist ekki við eða taki sér bólfestu á athafnasvæði rekstraraðila, að teknu tilliti til laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.

## 2.2 Mengunarvarnir og nýting orku

Rekstraraðili skal nota bestu [aðgengilegu]<sup>16</sup> tækni (BAT), hafi hún verið skilgreind, við mengunarvarnir og skal nýta orku vel. Þegar aðferðum er beitt við mengunarvarnir sem valda því að mengun færist á milli andrúmslofts, vatns og jarðvegs skal lágmarka neikvæð heildaráhrif á umhverfið (sambættar mengunarvarnir). Mengun sem getur borist langar leiðir eða til annarra landa skal haldið í lágmarki og tryggja skal víðtæka umhverfisvernd.

## 2.3 Umhverfisstjórnunarkerfi

Rekstraraðili getur valið að vinna eftir umhverfisstjórnunarkerfi, kjósi hann það. Velja má staðlað umhverfisstjórnunarkerfi, t.d. ISO 14001, eða þátttöku í umhverfisstjórnunarkerfi ESB, sbr. reglugerð nr. 344/2013 um frjálsa þátttöku fyrirtækja og stofnana í umhverfisstjórnunarkerfi Evrópusambandsins (EMAS).

Velji rekstraraðili að reka innra eftirlit sem uppfyllir staðlaðar kröfur er eftirlitsaðila heimilt að draga úr reglubundnu mengunarvarnaeftirliti og lækkar þá eftirlitsgjald sem því nemur, sbr. [57. gr.]<sup>17</sup> reglugerðar nr.550/2018<sup>18</sup>. Þá er heimilt að draga úr reglubundnu mengunarvarnaeftirliti hjá atvinnurekstri sem er með innra eftirlit með ákveðnum eftirlitsþáttum sem eftirlitsaðili hefur samþykkt.

## 2.4 Viðbrögð við mengunaróhöppum

Verði óhapp sem getur haft í för með sér losun mengandi efna út í umhverfið skal þegar í stað grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir útbreiðslu mengunarefna og til að fyrirbyggja að mengun valdi skaða á umhverfinu.

Rekstraraðila ber að hreinsa þá mengun sem kann að verða við óhöpp eða önnur atvik, á sinn kostnað.

Rekstraraðili skal fara yfir öll óhöpp og gera ráðstafanir sem miða að því að hindra að sambærileg atvik endurtaki sig. Eftirlitsaðili skal upplýstur um slíkar ráðstafanir.

## 2.5 Tilkynningar vegna mengunaróhappa

Ef óhapp verður sem þarfnast tafarlausra aðgerða skal hafa samband við 112.

<sup>16</sup> Breyting 2020, hér stóð áður: „fáanlegu“.

<sup>17</sup> Breyting 2020, hér stóð áður: „gr. 12.6 í“.

<sup>18</sup> Breyting 2020, hér stóð áður: „786/1999“.

Tilkynna skal eftirlitsaðila um mengunaróhapp eins fljótt og mögulegt er. Jafnframt skal heilbrigðisnefnd á svæðinu upplýst um óhappið. Greina skal eftirlitsaðila frá því ef hætta er talin á neikvæðum afleiðingum fyrir umhverfið.

## 2.6 Verkstjórn

Stjórnandi urðunarstaðar skal hafa nægilega tæknilega færni til að stjórna honum og hann skal hafa hlotið faglega og tæknilega menntun og þjálfun. Á hverri vinnuvakt á athafnasvæði skal starfa tilgreindur starfsmaður sem hefur góða þekkingu á öllum búnaði og starfsreglum rekstrarins. Þessi starfsmaður skal kunna skil á ákvæðum starfsleyfis þessa og þeim lögum og reglugerðum sem um starfsemi gilda. Eintök af starfsleyfi og viðeigandi lögum og reglugerðum, ásamt uppdrætti af urðunarstaðnum, skulu ávallt tiltæk á vinnustað. Rekstraraðili skal tilnefna fulltrúa sem eftirlitsaðili getur haft samband við utan afgreiðslutíma ef þörf krefur.

## 2.7 Meðhöndlun hættulegra efna

Tryggja skal að starfsfólk hafi fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það gæti komist í tæri við og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar á vinnustað. Um varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

## 2.8 Endurnotkun og endurnýting úrgangs

Rekstraraðili skal stuðla að endurnotkun og –nýtingu úrgangs eins og kostur er, í samræmi við gildandi svæðisáætlun sveitarstjórnar. Ef endurnotkunar- og endurnýtingarmöguleikar eru fyrir hendi skal koma úrgangi sem berst í slíka vinnslu, ef kostur er.

## 2.9 Gjaldtaka fyrir urðun úrgangs

Rekstraraðili urðunarstaðar skal innheimta gjald vegna urðunar úrgangs, sbr. 23. gr. laga nr. 55/2003. Gjaldið skal nægja fyrir öllum kostnaði við urðun úrgangsins, þar með talið uppsetningu og rekstri viðkomandi urðunarstaðar. Einnig skal gjaldið að svo miklu leyti sem hægt er standa undir kostnaði sem fylgir því að setja fjárhagslega tryggingu eða jafngildi hennar, sbr. 1. mgr. gr. 2.10 í starfsleyfi þessu, og áætluðum kostnaði við lokun staðarins og nauðsynlegt eftirlit í kjölfar lokunar í 30 ár. Ef rekstraraðili er sveitarfélag eða byggðasamlag skal gjaldið þó aldrei vera hærra en sem nemur þeim kostnaði sem fellur til við meðhöndlun úrgangs og tengda starfsemi sem samræmist markmiðum laga um meðhöndlun úrgangs, s.s. vegna þróunar nýrrar tækni, rannsókna, fræðslu eða kynningarmála.

## 2.10 [Tryggingar

Rekstraraðili skal leggja fram fullnægjandi fjárhagslega tryggingu eða ábyrgð fyrir því að staðið verði við þær skyldur sem starfsleyfinu fylgja, þar á meðal um lokunaraðgerðir og eftirlit í kjölfar lokunar urðunarstaðarins, sbr. 59. gr. laga nr. 55/2003. Skal tryggingin gilda í 30 ár eftir að urðunarstaðnum hefur verið lokað. Tryggingin eða ábyrðin skal vera að fjárhæð 29 milljónir kr. og fylgja breytingu á vísitölu neysluverðs frá því sem hún var við útgáfu starfsleyfis.

Rekstraraðili skal taka ábyrgðartryggingu eða leggja fram aðra fullnægjandi tryggingu sem Umhverfisstofnun metur gilda, að upphæð 1 milljón SDR, sbr. 16. gr. laga nr. 33/2004.]<sup>19</sup>

---

<sup>19</sup> Breyting 2020.

## 3. VARNIR GEGN MENGUN YTRA UMHVERFIS

### 3.1 Varnir gegn foki úrgangsefna

Komið skal í veg fyrir fok úrgangsefna frá starfseminni, t.d. með uppsetningu girðinga, skjólbelta og/eða jarðvegsmána. Jafnframt skal, eins og kostur er, taka tillit til vindafars hverju sinni við móttöku og urðun á fokgjörnum úrgangi.

### 3.2 Verndun jarðvegs og grunn- og yfirborðsvatns

Komið skal í veg fyrir að vatn geti safnast í úrganginn. Botn urðunarhólfa skal vera að lágmarki 1 m ofan við grunnvatnsborð.

Botn og hliðar urðunarhólfa skal útbúa með eftirfarandi hætti:

- Botni urðunarstaðarins skal vera í samræmi við lýsingar sem koma fram í starfsleyfisumsókn og áhættumati sem fylgdi umsókninni. Á botni skal vera hriplag sem er að lágmarki 0,5 m að þykkt. Lektarstuðull hriplags skal vera nógu hár til að tryggja sé að sem minnst sigvatn safnist fyrir á botni.
- Hliðar urðunarstaðarins skulu vera í samræmi við lýsingar sem koma fram í starfsleyfisumsókn og áhættumati sem fylgdi umsókninni.

Botn og hliðar urðunarhólfs fyrir sláturúrgang skal útbúa með eftirfarandi hætti:

- Á botni og í hliðum skal nota tilbúinn jarðfræðilegan tálma sem veitir samsvarandi vörn og jarðlag með lektarstuðul að hámarki 1,0-10-9 m/s og þykkt að lágmarki 1 m.
- Ofan á jarðfræðilegan tálma á botni skal setja tilbúna þéttingu og hriplag sem er að lágmarki 0,5 m að þykkt. Lektarstuðull hriplags skal vera nógu hár til að tryggja sé að sem minnst sigvatn safnist fyrir á botni. Heimilt er að samþætta jarðfræðilegan tálma og tilbúna þéttingu á botni, svo fremi sem samsvarandi vörn er veitt.

Dregið er úr kröfum sem settar eru fram í tl. 3.2 og 3.3 í viðauka I við reglugerð nr. 738/2003 vegna urðunarhólfa fyrir óvirkan úrgang, enda hefur rekstraraðili lagt fram áhættumat og sýnt fram á að jarðvegi og grunn- og yfirborðsvatni stafi ekki hætta af urðuninni verði framangreindum skilyrðum fylgt, sbr. 25. gr. reglugerðar nr. 738/2003.

Sýni niðurstöður eftirlitsmælinga að mengun í jarðvegi, grunnvatni eða yfirborðsvatni sé meiri en gert er ráð fyrir mun útgefandi starfsleyfis fara yfir þær kröfur sem koma fram í þessari grein og skoða hvort ástæða sé til að auka þær.

### 3.3 Sigvatn

Ekki er gerð krafa um söfnun sigvatns undan urðunarstaðnum á þeim hluta urðunarstaðarins þar sem aðeins er urðaður óvirkur úrgangur.

Samkvæmt framangreindu er dregið úr kröfum sem settar eru fram í tl. 3.3 í viðauka I við reglugerð nr. 738/2003, enda hefur rekstraraðili lagt fram áhættumat og sýnt fram á að jarðvegi og grunn- og yfirborðsvatni stafi ekki hætta af urðuninni þótt sigvatni verði ekki safnað, sbr. 25. gr. reglugerðar nr. 738/2003.

Leiði niðurstöður eftirlitsmælinga í ljós mengun í grunnvatni mun útgefandi starfsleyfis fara yfir þær kröfur sem koma fram í þessari grein og skoða hvort ástæða sé til að auka þær.

Verði heimild til urðunar lífræns úrgangs nýtt þá ber rekstraraðila að safna sigvatni af þeim hluta urðunarsvæðisins og uppfylla þær kröfur sem settar eru fram í 3. kafla í viðauka I við reglugerð nr. 738/2003.

### 3.4 Hauggas

Ekki er gerð krafa um söfnun hauggass og eftirlit með hauggasi, sbr. 4. tl. viðauka I við reglugerð nr. 738/2003, á þeim hluta urðunarstaðarins þar sem aðeins er urðaður óvirkur úrgangur.

Verði heimild til urðunar lífræns úrgangs nýtt þá ber rekstraraðila að safna hauggasi af þeim hluta urðunarsvæðisins. Starfrækja skal kerfi til að safna hauggasi sem myndast við rotnun lífrænna úrgangsefna. Rekstraraðili skal eftir fremsta megni leitast við að meðhöndla og nýta gasið en brenna það ella, að fengnum viðeigandi leyfum. Söfnun, meðhöndlun og nýting hauggassins skal vera með þeim hætti að umhverfið verði fyrir sem minnstum skaða eða spjöllum og að sem minnst hætta steðji að heilbrigði manna. Þá ber rekstraraðila að mæla magn og samsetningu hauggas sbr. gr. 5.2.

### 3.5 Hávaði

Rekstraraðili skal leitast við að lágmarka hávaða frá starfsemi og skal uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða.

### 3.6 Jarðgerð

Eftirmeðferð moltu skal fara fram á bundnu yfirborðslagi. Fráveituvatn frá jarðgerðargámum, eftirmeðferð moltu og lokaðri geymslu úrgangs, sem getur gefið frá sér lykt, skal leitt í jarðveg um siturlögn. Verði vart við mengun í jarðvegi, sbr. skilyrði í gr. 5.3, skal hreinsa fráveituvatnið áður en það er leitt í jarðveginn.

Afgas frá jarðgerðargámum skal hreinsa, t.d. með lífsíu eða ósoni, áður en því er hleypt út.

### 3.7 [Tímabundin heimild vegna urðunar á lífrænum úrgangi

Fram til 1. júlí 2021 er rekstraraðila heimilt að urða 1000 tonn af lífrænum úrgangi, þar af 800 tonn árið 2020 og 200 tonn árið 2021 án þess að uppfylla skilyrði um mengunarvarnir, sbr. gr. 3.2, 3.3, 3.4 og 5.2. Þessi heimild er veitt á grundvelli áhættumats sem lagt var fram 12. ágúst 2020. Verði áframhald á urðun lífræns úrgangs eftir 30. júní 2021 skal rekstraraðili uppfylla skilyrði starfsleyfisins er varða urðun á lífrænum úrgangi. Með lífrænum úrgangi er átt við lífbrjótanlegan úrgang líkt og hann er skilgreindur í 3. gr. reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs. Um urðun aukaafurða dýra gildir reglugerð (EB) nr. 1069/2009 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir dýra og afleiddar afurðir ekki ætlaðar til manneldis, sbr. reglugerð nr. 674/2017.

Efst í urðunarreinar þar sem lífrænn úrgangur er urðaður skal setja jarðvegsdúk með takmörkuðu gegndræpi til að minnka útskolun mengunarefna.]<sup>20</sup>

## 4. MÓTTAKA OG URÐUN ÚRGANGS

### 4.1 Móttaka og skráning úrgangs

Móttaka úrgangs til urðunar skal vera í samræmi við viðmiðanir um móttöku úrgangs í viðauka II við reglugerð nr. 738/2003.

---

<sup>20</sup> Breyting 2020.



Við móttöku úrgangs til urðunar skal fara fram sjónrænt mat og krefja má úrgangshafa um gögn til að sannreyna að úrgangurinn uppfylli móttökuskilyrði fyrir þann úrgang sem heimilt er að urða og taka á móti, sbr. gr. 1.2 í starfsleyfi þessu. Úrgangi sem ekki samræmist móttökuskilyrðum staðarins skal hafnað og eftirlitsaðila tilkynnt um slíkt án tafar. Rekstraraðila er heimilt að krefja úrgangshafa um gögn til staðfestingar á því að spilliefni séu ekki meðal þess úrgangs sem hann óskar eftir að verði urðaður.

Skrá skal magn og tegundir úrgangs sem tekið er á móti, upplýsingar um uppruna úrgangsins, dagsetningu móttöku, framleiðanda úrgangs eða söfnunarfyrtæki ef um er að ræða heimilísúrgang og ráðstöfun úrgangsins. Gefa skal út kvittun til úrgangshafa fyrir móttöku úrgangs til urðunar.

Nánari leiðbeiningar um viðmiðanir og aðferðir við móttöku úrgangs til urðunar er að finna í viðauka II við reglugerð nr. 738/2003.

## 4.2 Spilliefni

Rekstraraðila ber að tryggja að engin spilliefni séu í þeim úrgangi sem er urðaður. Spilliefnum sem kunna að berast rekstraraðila skal komið til viðurkenndrar spilliefnamóttöku við fyrsta tækifæri.

Ef spilliefnum er safnað skal þeim strax komið fyrir í lokanlegum, lekaheldum kerum sem eru viðurkennd til geymslu spilliefna. Kerin skulu merkt á viðeigandi hátt og staðsett þannig að þau séu stöðug og verði ekki fyrir hnjaski, t.d. frá ökutækjum. Engin meðhöndlun spilliefna skal fara fram eftir söfnun, s.s. flokkun eða umpökkun, og skulu spilliefnin geymd í kerunum þar til þau eru send til viðurkenndrar spilliefnamóttöku við fyrsta hentuga tækifæri. Skal þess vandlega gætt að úrkomuvatn komist ekki að spilliefnunum og að þau berist ekki í fráveitu eða geti á annan hátt valdið skaða.

## 4.3 Daglegur frágangur urðunarreina

Úrgangur sem lagður hefur verið í urðunarrein skal birgður samdægurs með þekjuefni sem kemur í veg fyrir fok, ónæði, ólykt, hættu og aðgang meindýra og vargfugls. Skal þekjulagið vera að lágmarki 15 cm að þykkt. Óheimilt er að nota þekjuefni sem getur sjálft haft í för með sér fok, ónæði eða ólykt.

Gott skipulag skal vera á urðunarstaðnum og skal halda stærð vinnsluflatar í lágmarki hverju sinni.

## 4.4 Varúðarráðstafanir á urðunarstað

Koma skal úrgangi þannig fyrir á urðunarstað að haugurinn og tengd mannvirki verði sem stöðugust, einkum þannig að ekki verði um skrið að ræða.

## 4.5 Endanlegur frágangur urðunarreina

Urðunarhólf skulu eftir fyllingu hulin jarðvegslagi, eða lagi úr sambærilegu efni, a.m.k. 1 m þykku, þannig að regnvatn renni greiðlega af þeim og sig ofan í úrganginn sé lágmarkað. Óheimilt er að nota efni sem getur haft í för með sér fok, ónæði eða ólykt.

## 4.6 Söfnunarstöð

Úrgangi skal safnað í gáma sem raðað er upp með skipulegum hætti. Gámarnir skulu vera heilir, hreinir og á þeim skulu vera skýrar merkingar sem segja til um hvaða úrgangur megi fara í þá. Eftirlit skal haft með því að úrgangur sé flokkaður á réttan hátt svo hann fari í viðeigandi gáma.

Úrgangi sem geyma þarf utandyra skal koma fyrir með hentugu fyrirkomulagi og á skipulegan hátt. Ávallt skal vera hreinn aðskilnaður á milli brennanlegra úrgangsflokka til að lágmarka sambrunahættu, í samræmi

við ábendingar og kröfur Brunavarna Rangárvallasýslu bs., og skal ekki staðsetja úrgangshauga nær húsum en sem nemur 8 metrum.

#### 4.7 Jarðgerð

Jarðgerð skal fara fram í sérstökum jarðgerðargámum. Ef geyma þarf úrgang, sem getur gefið frá sér lykt, áður en hann er jarðgerður skal það gert í lokuðum ílátum innandyrá eða í lokaðri geymslu utandyra.

Áframvinnsla og geymsla moltu skal einungis fara fram á þeim hlutum urðunarstaðarins sem gengið hefur verið frá í samræmi við grein 4.5. Við áframvinnslu moltu skal beita almennum aðgerðum til að lágmarka mögulega lyktarmengun, s.s. að tryggja að moltan sé ávallt nægilega þroskuð þannig að hún valdi ekki lyktarmengun áður en hún er færð úr jarðgerðargámum og að viðhafa verklag sem tryggir fullnægjandi loftun þannig að áframvinnslan valdi ekki lyktarmengun. Þegar moltan er færð úr gámum á nógu mikið niðurbrot að hafa átt sér stað til að ekki sé hætt á ásókn meindýra í hana. Við áframvinnslu og geymslu moltu skal viðhafa aðgerðir til að hindra fok. Rekstraraðili skal halda skrá yfir áframvinnsluna, þ.e. yfir aðferðir við loftun og hvenær loftun fer fram.

## 5. INNRA EFTIRLIT REKSTRARAÐILA

### 5.1 Skráningar

Rekstraraðili skal hafa reglulegt eftirlit með umhverfis- og rekstrarþáttum sem geta valdið mengun eða losun efna út í umhverfið. Skrá skal upplýsingar um eftirfarandi atriði og skulu skráningar vera aðgengilegar eftirlitsaðila hvenær sem er:

1. Upplýsingar um allan úrgang sem tekið er á móti, sbr. gr. 4.1.
2. Úrgangur sem hafnað er til urðunar, þar með talin magn og gerð spilliefna sem skilað hefur verið til viðeigandi móttökustöðvar ásamt staðfestingu flutningsaðila og/eða móttökustöðvar, sbr. gr. 4.1.
3. Staðan á urðunarstaðnum; svæði undir úrgangi, aðferðir við urðun, hvenær og hversu lengi er urðað og útreikningar á því urðunarrými sem eftir er á staðnum.
4. Breyting á umfangi urðaða úrgangsins (sig).
5. Mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim, sbr. gr. 2.5 og 2.6.
6. Niðurstöður eftirlitsmælinga, sbr. gr. 5.2.
7. Daglegt magn úrkomu á staðnum.
8. Daglegt hitastig; lágmark, hámark og kl. 12 á hádegi.
9. Dagleg stefna og styrkur ríkjandi vindáttar.
10. Loftraki, daglega kl. 12 á hádegi.
11. Dagleg uppgufun.

Ef upplýsingar um veðurfar liggja fyrir frá nálægri veðurstöð má styðjast við þær. Rekstraraðili hefur lagt til að stuðst verði við úrkomumælingar frá Sámssstöðum og Kálhóli en aðrir veðurþættir fengnir frá Hellu.

### 5.2 Eftirlitsmælingar

Fullnægjandi aðstaða til sýnatöku og mælinga á grunnvatni skal vera fyrir hendi til að unnt sé að fylgjast með mengun sem frá urðunarstaðnum kann að berast. Tekin skulu sýni af vatni þar sem meðalsamsetning er dæmigerð.

Rekstraraðili skal kosta og ábyrgjast framkvæmd sýnatöku og mælinga. Upplýsingar um framkvæmd sýnatöku og mælinga skulu vera aðgengilegar eftirlitsaðila.

**Rekstraraðili skal vakta grunnvatn og hauggas samkvæmt eftirfarandi mælingaáætlun:**

	Mæli-/sýnatökustaðir	Mæliþættir	Tíðni
Staða grunnvatns	Mælibrunnar: a) einn norðan urðunarstaðar b) tveir sunnan urðunarstaðar	Hæð grunnvatnsborðs	Tvisvar á ári; fyrir 1. maí og 1. okt.
Samsetning grunnvatns	Mælibrunnar: a) einn norðan urðunarstaðar b) tveir sunnan urðunarstaðar	Hitastig, leiðni, pH, súrefnisþörf (COD), ammóníum (NH <sub>4</sub> <sup>+</sup> ), níttrat (NO <sub>3</sub> <sup>-</sup> ), fosfór (P <sub>heild</sub> ), olía/fita, lífræn halógensambönd (AOX), blý (Pb), kadmíum (Cd), kvikasilfur (Hg), tin (Sn)	Einu sinni á ári; fyrir 1. okt.
Magn og samsetning hauggass*	Mæliholur í urðunarrein fyrir lífrænan úrgang	Þrýstingur, CH <sub>4</sub> , CO <sub>2</sub> , O <sub>2</sub>	Mánaðarlega
Samsetning hauggass*	Mæliholur í urðunarrein fyrir lífrænan úrgang	H <sub>2</sub> S, H <sub>2</sub>	Fjórum sinnum á ári; með jöfnu millibili
Magn sigvatns*	Við hreinsivirki	Rennsli	Mánaðarlega
Samsetning sigvatns*	a) Ofan hreinsivirkis b) Neðan hreinsivirkis	Hitastig, leiðni, pH, súrefnisþörf (COD), uppleyst lífrænt kolefni (DOC), köfnunarefni (N <sub>heild</sub> ), ammóníum (NH <sub>4</sub> <sup>+</sup> ), níttrat (NO <sub>3</sub> <sup>-</sup> ), fosfór (P <sub>heild</sub> ), olía/fita.	Tvisvar á ári; Fyrir 1. maí og 1. okt

\*Aðeins mælt ef heimild til urðunar lífræns úrgangs verður nýtt og þá einungis frá þeirri urðunarrein.

Varðandi tíðni eftirlitsmælinga og mæliþætti er eftirlitsaðila heimilt að breyta tilhöguninni, s.s. ef mat á niðurstöðum úr fyrri mælingum gefur til kynna að óhætt sé að fækka mælingum eða ef fara þarf fram á tíðari mælingar.

### 5.3 Losunar- og umhverfismörk

Gæði grunnvatns sunnan urðunarstaðar skal meta út frá samsetningu grunnvatns norðan urðunarstaðar.

Eftirlitsaðili mun í reglubundnu eftirliti með starfseminni fylgjast með þessum þáttum í samræmi við gildandi verklagsreglur um framkvæmd eftirlits.

Rekstraraðili skal tilkynna Umhverfisstofnun um sérhver skaðleg áhrif á umhverfið sem teljast veruleg og koma í ljós við eftirlit og vöktun, sbr. 21. gr. reglugerðar nr. 738/2003.

Þar sem fráveituvatn frá jarðgerð er leitt í jarðveg á athafnasvæði rekstraraðila mega hvergi vera:

- Set eða útfellingar
- Þekjur af rotverum (bakteríum eða sveppum)
- Olía, fita eða froða
- Úrgangur eða aðrir aðskotahlutir
- Efni sem veldur óþægilegri lykt, lit eða gruggi

### 5.4 Skýrslugjöf

Rekstraraðili skal senda eftirlitsaðila niðurstöður skráninga, sbr. gr. 5.1, fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár, sbr. 19. gr. laga nr. 55/2003. Afrit skal senda heilbrigðisnefnd á starfssvæði rekstraraðila. Rekstraraðila er heimilt að vísa til skýrslu um grænt bókhald eða ársskýrslu ef þar er að finna ofangreindar niðurstöður.

Rekstraraðili skal senda Umhverfisstofnun upplýsingar um allan úrgang sem tekið er á móti, sbr. gr. 4.1, fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár, sbr. 19. gr. laga nr. 55/2003. Afrit skal senda heilbrigðisnefnd á starfssvæði rekstraraðila. Rekstraraðila er heimilt að vísa til skýrslu um [umhverfisupplýsingar]<sup>21</sup> eða ársskýrslu ef þar er að finna ofangreindar niðurstöður.

### 5.5 [Umhverfisupplýsingar]<sup>22</sup>

[Rekstraraðili skal skila til Umhverfisstofnunar fyrir 1. maí ár hvert umhverfisupplýsingum um losun mengandi efna frá starfsstöðinni með rafrænum hætti, skv. 34. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Rekstraraðili ber ábyrgð á þeim upplýsingum sem hann skilar til Umhverfisstofnunar. Heimilt er að skila skýrslunum sameiginlega auk ársyfirlits sbr. gr. 4.4 en skilafrestir framlengjast þó ekki við það.

Rekstraraðili ber ábyrgð á þeim upplýsingum sem hann skilar til Umhverfisstofnunar.]<sup>23</sup>

## 6. GJALDSKYLDA

Starfsemi þessi er flokkuð í [IX. viðauka reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit]<sup>24</sup>. Rekstraraðili greiðir Umhverfisstofnun gjald skv. gjaldskrá Umhverfisstofnunar vegna útgáfu og kynningar starfsleyfisins. Rekstraraðili greiðir eftirlitsaðila gjald skv. gjaldskrá eftirlitsaðila

<sup>21</sup> Breyting 2020: hér stóð áður: „grænt bókhald“.

<sup>22</sup> Breyting 2020, hér stóð áður: „Útstreymisbókhald“.

<sup>23</sup> Breyting 2020, hér stóð áður: „Rekstraraðili skal skila til Umhverfisstofnunar upplýsingum um losun mengandi efna, í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 990/2008 um útstreymisbókhald. Heimilt er að samþætta skil á útstreymisbókhaldi og niðurstöðum skráninga skv. gr. 5.4, í samráði við Umhverfisstofnun.“.

<sup>24</sup> Breyting 2020, hér stóð áður: „1. flokk skv. fylgiskjali 1 með reglugerð nr. 785/1999“.

vegna reglubundins eftirlits. [Starfsemin skal flokkuð í gjaldflokk skv. áhættumati eftirlits sbr. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018]<sup>25</sup>. Gjald vegna viðbótareftirlits, vanefnda eða rökstuddra kvartana greiðist sérstaklega skv. gjaldskrá eftirlitsaðila, [...]<sup>26</sup>.

## 7. GILDISTAKA

Starfsleyfi þetta, sem gefið er út í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerðar nr. [550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit]<sup>27</sup>, laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs og reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs, öðlast þegar gildi. Starfsleyfið gildir til 16. mars 2032.

Reykjavík, [dd.mm.2020]<sup>28</sup>

Umhverfisstofnun

---

<sup>25</sup> Breyting 2020.

<sup>26</sup> Breyting 2020, hér stóð áður: „sbr. 5. mgr. 12. gr. reglugerðar nr. 786/1999“.

<sup>27</sup> Breyting 2020, hér stóð áður: „785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun“.

<sup>28</sup> Starfsleyfi þetta var upphaflega gefið út 16. mars 2016 en var breytt dd mm 2020.

# Viðauki 1

## Yfirlit yfir skiladaga

Í eftirfarandi greinum starfsleyfisins eru skiladagar tilgreindir:

- Grein 1.7: Áætlun um endanlegan frágang eftir lokun urðunarstaðarins skal liggja fyrir ekki seinna en tveimur árum áður en starfsemi lýkur.
- Grein 2.1: Umhverfismarkmið skulu liggja fyrir eigi síðar en 1. ágúst 2016 og skulu endurskoðuð á 4 ára fresti.
- Grein 5.4: Senda skal eftirlitsaðila niðurstöður skráninga, sbr. gr. 5.1, fyrir 1. maí ár hvert.
- Grein 5.4: Senda skal Umhverfisstofnun upplýsingar um allan úrgang sem tekið er á móti, sbr. gr. 4.1, fyrir 1. maí ár hvert.

Ef ósamræmi er á milli þessa viðauka og meginþexta starfsleyfisins þá gildir meginþextinn.